

Fótboltaskýrslan 2010

- Áframhaldandi tekjuaukning Evrópuboltans
- Enska deildin er ennþá sú tekjuhæsta með tekjur upp á 2,3 milljarðar evra.
- Þýska deildin nálgast þá ensku með 10% aukningu á milli ára.
- Launakostnaður í stóru deildunum fimm fór í fyrsta skipti yfir 5 milljarða evra.
- Á Ítalíu og Englandi jukust laun meira en tekjur = verri afkoma.
- Áhorfendafjöldi jókst í þýsku, spænsku og ítölsku deildinni, en fækkaði í ensku deildinni sem skýrist af fjarveru Newcastle United.



Deloitte gefur í dag út sína árlegu skýrslu um fjármál knattspyrnuheimsins. Í henni kemur fram að heildartekjur evrópskra knattspyrnuliða hafa aukist um 1,1 milljarð evra milli ára og námu alls 15,7 milljörðum evra á tímabilinu 2008/09.

Ítalska, þýska og franska deildin náðu að auka tekjur sínar í öllum helstu liðum, þ.e. sjónvarpsréttarsölu, tekjum á leikdegi og sölu á varningi og auglýsingum. Enska deildin er ennþá sú tekjuhæsta og námu tekjur hennar 2,3 milljörðum evra en þýska deildin nálgast þá ensku og munar þar 0,7 milljörðum evra. Tekjuaukningin í Þýskalandi nemur 10% milli ára og voru tekjurnar 1,6 milljarðar evra og fór hún þannig upp fyrir spænsku deildina, en þar er einnig aukning sem skýrist af góðum árangri Barcelona og Real Madrid en tekjurnar lækka hjá öðrum spænskum liðum. Í næstu sætum koma ítalska og franska.

Launakostnaður í stóru deildunum fimm fór í fyrsta skipti í sögunni yfir 5 milljarða evra og er það aukning um 6% milli ára. Á Ítalíu og Englandi jukust laun meira en tekjur félaganna sem þýðir að afkoma þeirra versnar. Þýska deildin er sú ábatasamasta og var rekstrarhagnaður félaganna 172 milljónir evra en til samanburðar var rekstrarhagnaður liða í ensku úrvalsdeildinni 93 milljónir evra.

Sérfræðingar Deloitte meta það þannig að tekjustreymi félaganna sé ekki vandamál þar sem trygglyndi stuðningsmanna og vinsældir knattspyrnunnar halda áfram að auka tekjur félaganna. Það er hins vegar kostnaðarhliðin sem reynist félögunum erfið og þá sérstaklega laun leikmanna og félagaskiptagjöld.

UEFA samþykkti í síðasta mánuði nýtt leyfiskerfi sem kveður á um að félög sem hafa unnið sér rétt til þátttöku í evrópukeppnum þurfi að ná jafnvægi milli tekna og gjalda og því þurfa mörg félög að hugsa sinn gang ætli þau sér að vera þátttakendur í evrópukeppni. Þessi breyting tekur þó ekki gildi fyrr en 2012.

Annað sem kemur fram í skýrslu Deloitte :

- Tekjur vegna sjónvarpsréttasamninga í 5 stærstu deildum evrópu námu um 3,7 milljörðum evra sem er tæpur helmingur heildartekna þeirra.
- Tekjur á leikdegi aukast um 2% og námu 1,8 milljörðum evra.
- Tekjur af sölu varnings og auglýsinga jukust um 5% og námu 2,4 milljörðum evra.
- Áhorfendafjöldi á leiki í þýsku, spænsku og ítölsku deildinni jókst á tímabilinu 2009/10 á meðan fækkun varð í ensku sem skýrist af fjarveru Newcastle United.
- Hlutfall launa og veltu var heilbrigðast í þýsku deildinni eða 51% en í hæstu hæðum í ítölsku deildinni eða 73%.
- Tuttugu stærstu félögin í evrópu standa fyrir 25% heildartekna evrópuboltans.
- Ójafnvægið er mest á Spáni þar sem bilið milli tekjuhæsta og tekjulægsta liðsins er 25-falt.
- Jafnræði er mest milli liða í ensku og frönsku deildinni en þar er munurinn sexfaldur milli tekjuhæsta og tekjulægsta.
- Af öðrum efstu-deildum þá er hollenska deildin næst á blaði með 422 milljónir evra en þar á eftir koma rússneska, tyrkneska og portúgalska deildin.
- Í raun er samt 6. sætið tilheyrandi ensku B-deildinni en tekjur hennar námu 440 milljónum evra.